

Nd.

97. Álit

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Guðm. Hannessyni og Birni Hallssyni.

Við undirritaðir höfum eigi sjeð oss fært, að vikja til muna frá frv. þessu eins og það var samþykkt í neðri deild á síðasta þingi; þóttu allar verulegar breytingar á því lítt vænlegar til samkomulags, að minsta kosti í þessari deild, eftir undirtektum að dæma á síðasta þingi. Við viljum þó geta þess, að nokkur ástæða hefði verið til þess, að stjórnin hefði tekið málið upp á annan veg, því það er fullreynt, að frv. þetta er lítt vinsælt á þingi og ágreiningur mikill um eitt aðal-atrðið, eftirlitsmann sparisjóða. Gat hjer margt komið til athugunar t. d.: a) fullkomin greining í hreina sparisjóði og sýslubanka, sem bent var á í framsögu málsins á síðasta þingi; b) sameining allra sparisjóða um land alt í eitt samvinnukerfi með aðalstöð í Reykjavík, annaðhvort í sambandi við Landsbankann eða sjálfstæðri; c) að koma á bentugu og ódýru sambandi milli sparisjóða vorra og póststjórnarinnar líkt og tíðkast í Ástralíu; d) póstsparisjóðir o. fl.

Við litum svo á, að heppilegt sje, að alt fyrirkomulag sparisjóða, bókfærsla og skjalaform sje eins við alla sparisjóði landsins, enda höfum við ekki breytt frv. að þessu leyti.

Hvað eftirlitið snertir, nytsemi þess og nauðsyn, þá teljum við að sparisjóðir vorir hafi allgóða tryggingu og eftirlit, því viðá eru stofnendur sjóðanna á lifi og láta sjer ant um allan hag þeirra; stjórnendur eru venjulega einhverjir af bestu mönnum bygðarlagsins, og ábyrgðarmenn þeirra eru bæði kunnugir menn og eiga nokkuð í hættu, ef hagar sjóðanna hallast. Ofan á þetta bætist endurskoðun á ári hverju og skýrslur til Stjórnarráðsins. Ef sú trygging er litilsvirði, sem í öllu þessu er faliu, er hæpið að eftirlit miður kunnugs manns eitt sinn á ári komi að tilætludum notum. Reynslan sýnist og styðja þessa skoðun. Sparisjóðir vorir hafa bæði reynst vel og njóta almenningstrausts.

Þá virðist okkur einnig, að athugavert sje að hefta frelsi sjóðanna yfir þarfir fram; þykir ekki ólíklegt, að það kunni að rýra áhuga og ábyrgðartilfinningu stjórnenda og ábyrgðarmanna.

Eigi að síður þykir okkur óvarlegt, að sleppa öllu frekara eftirliti frá

hálfu landsstjórnarinnar, en teljum það muni fyrst um sinn nægja, ef stjórnir sjóðanna gætu átt von á rækilegri endurskoðun hvenær sem vera skyldi. — Til þessa nægir það, að Stjórnarráðið geti árlega látið athuga vandlega nokkra sparisjóði, og höfum við komið með breytingartillögu í þá átt. Okkur virðist óþarft, að athugaðir sjeu fleiri en 5 sjóðir á ári og rjeði þá Stjórnarráðið hverjir þeir væru. Slíkt eftirlit ætti einn maður að geta framkvæmt á 1—2 mánuðum, og yrði það þá eigi tilfinnanlegur kostnaður fyrir landssjóð.

Við ætlumst til að bankavanur maður fari þessar eftirlitsferðir, t. d. sá af starfsmönnum Landsbankans, sem best þætti til þess fallinn, og sami maðurinn ár eftir ár, ef þess væri kostur. Við höfum spurt annan banka- stjórnann að því, hvort hann gæti látið slíkan mann í tje gegn endurgjaldi og kvað hann, að á því myndi tæpast standa.

Þetta óbrotna eftirlit hefir meðal annars þann kost, að hve nær sem einhverjar kviksögur ganga um einhvern sparisjóð, þá getur stjórnin fengið fulla vissu um það, hvort þær eru á nokkrum rökum bygðar, og borið þær opinberlega til baka, ef þær reynast þvættingur einn.

Þá gerum við og ráð fyrir, að eftirlitsmaður kynti sjer eftir föngum sparisjóðamál erlendis, hjeldi eitthvert sparisjóða timarit, og gæfi stjórnnum sjóðanna þá fræðslu og góð ráð, sem hann frekast gæti á eftirlitsferðum sínum.

Færi nú svo, að stjórnin gæti lagt síðar fram *fullar sannanir* fyrir því, að sparisjóðirnir væru í því ólagi, að full nauðsyn væri á rikara eftirliti, teljum við víst, að þingið myndi þá fást til að auka það.

Við höfum talið, að lausafje sparisjóða sje betur komið í innláns- skirteinum eða í sparisjóði í Landsbankanum en í verðbrjefum. Þau eru ekki allskostar handbært fje nema með afföllum, sist er hörgull er á peningum, og enginn hagur fyrir sjóðina að nota þau fremur en peninga.

Innlánssskirteinum má aftur auðveldlega haga svo, að ætið losist hæfi- leg upphæð á hverjum mánuði affallalaust, eins og tíðkast í Ástralíu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 7. gr.

Á eftir orðunum »taki lán úr sjóðnum« komi:
nema með leyfi aðalfundar og gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, enda sjeu $\frac{2}{3}$ ábyrgðarmanna á fundi.

Við 10. gr.

Orðin »og umsjónarmanni sparisjóða« falli burt.

Við 12. gr.

Orðin í síðustu málsgrein »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.

Við 13. gr.

a. Þriðja málsgrein orðist þannig:

Sparisjóðum þeim, er geyma 50,000 kr. sparisjóðsinnstæðufje eða meira, er skylt að eiga, auk varasjóðs (sbr. 17. gr.), innistandandi í

Landsbankanum eða útibúum hans, að minsta kosti 3% af innstæðufjenu samanlögðu, eins og það var í árslok næst á undan. Þegar varasjóður nemur 10% af innstæðufjenu fellur þó þessi skylda burt. Nú kemur það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

b. Síðasta málsgrein falli burt.

Við 16. gr.

- a. Í stað orðanna í 2. málsg. »eigur sparisjóðs nema« komi: varasjóður nemur.
- b. Orðin »umsjónarmanns sparisjóða« í þriðju málsgrein falli burt.

Við 17. gr.

Orðin »í tryggum og auðseldum verðbrjefum eða« falli burt.

Við 19. gr.

Orðin í 2. málsg. »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.

Við 20. gr.

Í stað orðanna í 1. málsg. »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« komi: að dómi endurskoðenda sparisjóðsins.

Við 21. gr.

Í stað orðanna »getur stjórnarráðið« komi: getur sýslunefnd eða bæjarstjórn.

Við 22. og 23. gr.

Í stað þessara greina komi ný grein, og breytist tala eftirfarandi greina eftir því, sem hljóði þannig:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það getur árlega látið bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag alt að 5 sparisjóða, og skal þá einkum taka tillit til stærri sjóðanna. Eftirlitsmaðurinn skal leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um skipulag og starfsemi sparisjóða og öðru, er hann telur að sjóðunum megi að gagni koma. Að loknu eftirliti gefur hann Stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóða þeirra, er hann hefir athugað.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum sparisjóða, að láta Stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur þeirra og allan hag, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur Stjórnarráðið látið beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutað-eigenda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjet handa eftirlitsmanni.
Í fjárlögunum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.

Alþingi, 24. júlí 1915.

Guðm. Hannesson, Björn Hallsson.
framsögum.